

A 1896/välfärd

Flytjandi	Norræn vinstri græn
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um fíkniefnastefnu á Norðurlöndum sem byggist á mannréttindum

Tillaga

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að rannsakað verði hvað líkt er og ólíkt með fíkniefnastefnum Norðurlandanna með það fyrir augum að semja sameiginlega stefnu; að borið verði saman hvernig fíkniefnastefnur landanna hafi leitast við að draga úr mannlegum þjáningum og dauðsföllum af völdum fíkniefnaneyslu (þar á meðal aðgerðarými); að þær þrói saman fíkniefnastefnu sem virðir mannréttindi og dregur úr skaða.

Bakgrunnur

Alþjóðlega hefur svonefndu stríði gegn fíkniefnum ekki aðeins mistekist að leysa fíkniefnavandann heldur hefur það valdið mannlegum þjáningum og skapað gífurleg félagsleg, heilsufarsleg og vistræn vandamál víða um heim. Refsimiðuð nálgun hefur stuðlað að skipulögðum glæpum og ofbeldi, leitt til ómannlegra refsinga og viðhaldið fíkniefnasölu sem tengist til að mynda barnaþrælkun og mansali. Sem dæmi má nefna að Amnesty International hefur ákveðið að vekja máls á því að fíkniefnamál varði mannréttindi. Amnesty hvetur ríki heims til að flytja áhersluna frá refsingum að heilsu og mannréttindum fólks. Þá halda ýmsir alþjóðlegir sérfræðingar því fram að fíkniefnastefna eigi að snúast um að draga úr skaða frekar en refsingar.

Vandi vegna fíkniefnaneyslu fer vaxandi um allan heim, einkum meðal þeirra sem minnst mega sín. Þrátt fyrir að flest fólk sem neyti fíkniefna geri það öðru hverju eða til að fikta, þá er það heldur ekki varið gegn félagslegum og öðrum vanda vegna refsimiðaðrar nálgunar. Beiting refsiréttar leysir ekki vanda af völdum fíkniefnaneyslu. Þvert á móti eykst hann vegna jaðarsetningar, stimplunar og óþarfa aukaverkana. Kannabisnotkun í lækningaskyni er einnig óhóflega erfið víða á Norðurlöndum. Í Finnlandi til að mynda brýtur margt fólk lög þegar það notar kannabis til að slá á verki og þjáningar af völdum sjúkdóma um leið og það setur sig í vandasama stöðu eða er svipt þeirri aðstoð sem gæti verið fyrir hendi.



Fíkniefnaumræðan í löndunum er almennt stíð og iðulega er frekar erfitt að bæta nýjum sjónarmiðum inn í umræðuna. Auk þess eru löndin ólík hvað varðar löggjöf og pólitískar leiðir.

Norræn vinstri græn telja að norrænu ríkisstjórnirnar eigi að vera samstíga og þróa sameiginlega stefnu á sviði fíkniefna sem byggist á mannréttindum. Sameiginlegar aðgerðir og sameiginlegt mat á starfi sem virkar munu skila verulegum árangri fyrir stefnu Norðurlanda í heilbrigðis- og félagsmálum.

Norðurlöndum, 28. september 2021

Christian Juhl (Ø)

Daniel Riazat (V)

Lorena Delgado Varas (V)

Rasmus Nordqvist (SF)

Sofia Geisler (IA)

Veronika Honkasalo (VF)